

Miðvikudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 48/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Hickmat Moustapha Baroudi.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1993, sem barst réttinum 1. febrúar sama ár. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 27. janúar 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða, sem er breskur ríkisborgari, fyrir að hafa veist að fyrrum sambýliskonu sinni á vinnustað hennar með hníf í hendi og neytt hana með sér í bifreið að heimili hennar og þröngvað henni þar til holdlegs samræðis. Ákærði hefur neitað þessum sakar-giftum.

Samkvæmt upplýsingum frá Interpol í London hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað, svo að kunnugt sé, og nafn hans er ekki á sakaskrá hér á landi. Ekki liggur fyrir, að ákærði hafi í hyggju að fara af landi brott, en tiltæk eru úrræði til þess að varna slíku, á meðan máli hans er ráðið til lykta fyrir dómstólum.

Ákærði er borinn sökum um að hafa framið „afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi“, sbr. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður þó ekki talið nauð-synlegt vegna almannahagsmuna, að ákærði sæti frekara gæslu-varðhaldi vegna þess verknaðar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara, en felli mig ekki við skýringu þeirra á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ég tel þó, að ákvæðið leiði ekki til þess í þessu máli, að ákærði eigi að sæta frekara gæsluvarðhaldi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 27. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari, sem gaf út ákæru í dag á hendur ákærða, Hickmat Moustapha Baroudi, gæslufanga, breskum ríkisborgara, til heimilis að Grensásvegi 12, Reykjavík, fæddum 3. nóvember 1960, í Ghana, fæðingarnúmer 200, fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og jafnframt fyrir brot gegn 226. gr., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærða, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 13. janúar sl., sem rennur út í dag kl. 16.00, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur gengur í máli hans í héraði, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00, á grundvelli a-, b- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði hefur mótmælt fram kominni kröfu, m. a. með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði er ákærður fyrir brot gegn 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og við 226., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 skal ákærði sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ákærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00.